

Áhersluverkefni ársins 2021 voru samþykkt þann 5. febrúar sl. á 21. stjórnarfundum SSNE. Um er að ræða 11 mikilvæg og metnaðarfull verkefni sem meðal annars er ætlað er að fylgja eftir áherslum sem lagðar eru fram á þingum samtakanna. Verkefnunum er öllum ætlað að vera lokið í apríl 2022, alls voru 60,7 m.kr. úthlutað að þessu sinni og skiptast þær svona:

- **Undirbúningur að stofnun Velferðartæknimiðstöðvar 10.000.000 kr.**

Verkefnið snýr að því að safna saman þekkingu og reynslu í velferðar- og heilbrigðistækni og miðla til stofnana og sveitarfélaga á starfssvæði SSNE í gegnum Velferðartæknimiðstöð sem stofnuð verður.

- **Nýsköpun á Norðurlandi eystra 3.000.000 kr.**

Verkefninu er ætlað að efla og styrkja við nýsköpun á starfssvæði SSNE, draga fram þá nýsköpun sem á sér stað á svæðinu og sýna fram á möguleika svæðisins. Ávinningurinn verður að hér verði nýsköpunarvænt umhverfi.

- **Umhverfismál 6.000.000 kr.**

Stofnuð verður umhverfisnefnd sem er ætlað að ná yfirsýn í umhverfismálum, skapa vettvang samvinnu og móta aðgerðaráætlun í þessum málaflokki.

- **Safnastefna Norðurlands eystra 3.000.000 kr.**

Mörkuð verður sameiginleg stefna fyrir söfn, sýningar og aðrar menningarminjar á svæðinu. Henni er ætlað að sýna fram á aukin tækifæri til frekari samvinnu safna á svæðinu t.d. með gerð sameiginlegrar markaðs- og fræðslustefnu og þannig nýta betur mannauð, þekkingu og fjármagn.

- **Listnám á háskólastigi 3.700.000 kr.**

Vinna á fýsileikakönnun þar sem kannaður verður grundvöllur fyrir námsleiðum á sviði lista í samstarfi við LHÍ og menntastofnanir á Akureyri. Í framhaldinu verður haldið málþing í Hofi með fulltrúum menntastofnana á svæðinu, LHÍ, listnemendum, ráðherra og þingmönnum og fleiri hagaðilum.

- **Samgönguáætlun 7.500.000 kr.**

Gerð verður framtíðarsýn um samgöngukosti innan starfssvæðis SSNE en einnig tengingar inn á svæðið. Kostir verða metnir og forgangsraðað með 4 þætti í huga; arðsemi, umferðaröryggi, tengingu atvinnu- og búsvæða og byggðapróun.

- **Millilandaflug frá Akureyri, N-Ice Air 5.000.000 kr.**

Tryggja beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll með stofnun almenningshlutafélags.

- **Norðurslóðamiðstöð Íslands 14.000.000 kr.**

Akureyri verði formlega viðurkennd sem Norðurslóðamiðstöð Íslands, þannig verði vægi Akureyrar í málefnum norðurslóða aukið og staða starfseminnar á Akureyri tryggð. Auka skal samvinnu sveitarfélaga á Norðausturlandi með samtölum og einnig efla stuðning við rannsóknarsamvinnu á svæðinu.

- **Ásgarður – skóli í skýjunum 4.000.000 kr.**

Verkefnið snýr að því að koma Ásgarði, skóla í skýjunum, á laggirnar og sýna fram á að skólinn geti verið sú smiðja sem miðlar námi og kennurum til og frá sveitarfélögum svo allir njóti góðs af. Ásgarði er ætlað að tengja saman fámenn skólasamfélög og auka stærðarhagkvæmni og gæði náms og kennslu.

Ásgarður mun jafna aðgengi nemenda að gæða námi og skólabjónustu óháð staðsetningu, hvar sem á landinu foreldrar þeirra kunna að búa.

- **Upptakturinn 1.500.000 kr.**

Verkefnið stuðlar að tónsköpun ungs fólks og hvetur ungmenni til að semja eigin tónlist með stuðningi. 10-12 tónverkum er boðið til tónsköpunarsmiðju og verða svo flutt á tónleikum í Hofi. Tónverkin verða einnig tekin upp og dreift á Youtube.

- **Kynningar og upplýsingamiðlun 3.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að auka umfjöllun um atvinnu- og mannlíf á starfssvæði SSNE, auka upplýsingagjöf og búa til markaðsefni. Kynna á fjölbreytt tækifæri og áhugaverða nýsköpun, styrkja ímyndarsköpun og sjálfsmynd íbúa gagnvart landshlutanum. Kynna á svæðið sem ákjósanlegan búsetukost og til atvinnureksturs.